

Mánudaginn 29. maí 1995.

Nr. 210/1993.

Protabú Norrex hf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Kassagerð Reykjavíkur hf.

(Pórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Mál fellt niður. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 11. maí 1995, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist ómaksbóta úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda ómaksbætur fyrir Hæstarétti, sem eru hæfilega ákveðnar 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, protabú Norrex hf., greiði stefnda, Kassagerð Reykjavíkur hf., 15.000 krónur í ómaksbætur fyrir Hæstarétti.